

**Ed.**

## **87. Frumvarp til laga**

[75. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

### **1. gr.**

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. 1. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð  $3\frac{1}{2}\%$  af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna á á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að  $2\%$  renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og  $1\frac{1}{2}\%$  rennur í ríkissjóð.

### **2. gr.**

10. gr. laganna orðast svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs  $1\%$  af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt var lagður  $1\%$  skattur á launagreiðendur af greiddum vinnulaunum. Með l. nr. 94/1970 var ákveðið að innheimta  $1\frac{1}{2}\%$  til viðbótar af launaskattsstofni og skyldi sú viðbót gilda frá 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971. Þessi viðbótarskattur var síðan framlengdur fjórvegis með tímabundnum lagaákvæðum þannig að í reynd var innheimtur  $2\frac{1}{2}\%$  launaskattur á tímabilinu frá 1. desember 1970 til 1. apríl 1974.

Með lögum nr. 10/1974, 17. gr., var hinn fasti launaskattur hækkaður úr  $1\%$  í  $2\%$  en jafnframt var ákveðið í 18. gr. laganna að  $1\frac{1}{2}\%$  álagið skyldi innheimt áfram frá 1. apríl 1974 til loka ársins 1974. Þessi viðbótarskattur hefur síðan verið framlengdur með tímabundnum lagaákvæðum, síðast með lögum nr. 105/1976. Hefur því verið innheimtur  $3\frac{1}{2}\%$  launaskattur frá 1. apríl 1974.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ótímabundin ákvæði um að launaskattur skuli áfram vera  $3\frac{1}{2}\%$  eins og hann hefur verið síðastliðin þrjú og hálf ár. Er þetta launaskattshlutfall löngu orðið í reynd einn af föstum tekjustofnum ríkissjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins. Er lagt til að skipting skattarins milli þessara aðila verði óbreytt frá því sem verið hefur.

2. gr. frumvarpsins er samhljóða 2. gr. 1. nr. 105/1976 og felst í henni að hlutur Byggingarsjóðs ríkisins í kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði óbreyttur frá því sem verið hefur.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1978 eru tekjur af launaskatti áætlaðar í samræmi við ákvæði frumvarps þessa.